



1188. stjórnarfundur VR

Haldinn fimmtudaginn 28. mars 2019, kl. 20:00 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Anna Þóra Ísfold, Arnþór Sigurðsson, Björn Kristjánsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Selma Árnadóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gesturfundar: Bryndís Guðnadóttir sviðsstjóri

Dagskrá:

1. Fundargerð 1187. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1187. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Gjaldprot WOW air og úrlausn fyrir VR félagsmenn sem missa vinnuna

Bryndís Guðnadóttir sviðsstjóri, gestur fundarins, sagði frá því að fulltrúar kjarasviðs VR ásamt fulltrúum frá Eflingu stéttarfélagi, hefðu fundað með fulltrúum Kynnisferða síðasta þriðjudag og þá verið til umfjöllunar uppsagnir 50 – 60 starfsmanna og farið yfir stöðuna.

Síðan var samráðsfundur í morgun og kom fram að skýringu uppsagna mætti rekja til þess að fyrirtækið missti akstur áhafna Ícelandair sem sett var í útboð.

Á kjarasviði VR var farið yfir alla verkferla í síðustu viku í undirbúningi fyrir möglegt fall WOW air sem nú hefur gerst en við erum með um 250 VR félagsmenn hjá flugfélaginu. Við vonuðum alltaf hið besta en vorum þó vel undirbúin í dag og boðuðum starfsmenn strax til fundar við okkur sem við höldum á morgun kl. 14. Vonandi náum við sem flestum þeirra til okkar á fundinn.

Nú fór Bryndís í gegnum það ferli sem farið er í með starfsmönnum en þetta hefst með því að skiptastjórar auglýsa eftir kröfum í þrotabúið og tekur það um 1 – 2 vikur. Síðan kemur frestur í um 2 mánuði og þá skiptafundur nokkru síðar. Þá næst vinnur skiptastjóri úr kröfum og tekur það um 2 – 3 mánuði. Launakröfur eru forgangskröfur og fara því næst í vinnslu hjá Ábyrgðarsjóði launa. Laun fyrir alla vinnu sem starfsmenn fá á meðan kemur til frádráttar ef svo ber undir.



Þessir starfsmenn eiga svo rétt á atvinnuleysisbótum í 3 mánuði („G-greiðslur“) sem eru dregnar frá uppgjöri Ábyrgðarsjóðs launa og eru tekjutengdar í fyrstu en svo koma venjulegar atvinnuleysisbótaupphæðir í framhaldinu. Þau munu fá útborgað 1. maí vegna tímabils frá og með 1. apríl. Við munum svo skýra þetta allt ítarlega á fundinum á morgun.

300 starfsmönnum var sagt upp í dag hjá Airport Associates á Keflavíkurflugvelli en hluta þeirra býðst breytt ráðningarform að loknum uppsagnarfresti en nokkuð víst að 190 missa alveg vinnuna. Þetta er ekki gjaldþrot. Vætanlega eru þarna um 150 félagsmenn Verslunarmannafélags Suðurnesja sem tilheyra okkur frá 1. apríl.

Umræður.

Ragnar Þór sagði að nú værum við að skoða möguleika þess að koma til móts við hópinn í WOW air enda stutt í mánaðamót. 250 manns verða launalaus um mánaðamót og vildum við greiða þeim eins og þeir væru að fá greiðslu úr Ábyrgðarsjóði launa, kannski í fyrstu eða annarri viku aprílmánaðar. Þetta fengjum við svo tilbaka frá Ábyrgðarsjóði launa og með þessu værum við öðrum stéttarfélögum fyrirmynd.

Stefán sagði að þetta væri fyrst og fremst aðeins útborgun núna um þessi mánaðamót en ekki fyrir maí, o.s.frv. Höfum áður gert þetta þegar Mikligarður varð gjaldþrota á sínum tíma og önnur félög hafa einnig gert þetta. Hámarksgreiðsla hjá Ábyrgðarsjóði eru 633 þús. kr. svo við myndum ekki greiða meira en það. Myndum kaupa kröfuna af félagsmanninum og fáum svo greitt síðar frá Ábyrgðarsjóði. Félagsmaður myndi skrifa undir framsal á kröfunni til okkar en við dekkum bara útborguð laun, ekki heildarlaun. Samkvæmt okkar útreikningum væri kostnaður okkar um 80 milljónir kr. sem við fengjum endurgreiddar eftir 6 – 8 mánuði.

Ragnar Þór sagði að spurningin væri bara hvort við ættum að leggja út fyrir þessu. Í versta falli töpum við einhverjum vöxtum en sennilega ekki. Leggur hann til að þessi leið verði farin fyrir þennan eina mánuð. Þetta sýnir líka vel mikilvægi okkar starfs.

Umræður.

Ragnar Þór óskaði nú eftir heimild til þess að lengja fundinn um 30 mín. til kl. 21:30.
Samþykkt.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp þá tillögu sína að við myndum greiða þennan eina mánuð eins og hér hefur verið lýst.

Samþykkt samhljóða.



Ragnar Þór ræddi nú í þessu samhengi þá hugmynd að stjórn VR myndi senda frá sér ályktun sem Árni myndi slípa til á morgun en sem væri eitthvað á þessa leið:

„Stjórn VR skorar á fjármálastofnanir, banka og aðrar stofnanir landsins að sýna samfélagslega ábyrgð og gera það sem í þeirra valdi stendur til að beita ítrasta sveigjanleika gagnvart launþegum sem leita til þeirra vegna gjaldþrota fyrirtækja.

Gefum þeim sem eru í erfiðleikum svigrúm t.d. með frystun gjalddaga, eða öðrum aðferðum, fremur en að fara strax í íþyngjandi og kostnaðarsamar innheimtuaðgerðir.

Reynum öll að vinna með fólkinu okkar á tímum sem mörgum fjölskyldum eru mjög erfiðir.“

Umræður.

Ákveðið var að skoða þetta á morgun og senda hugmynd að ályktun í tölvupósti áður en það færi út ef það yrði gert.

Ragnar Þór óskaði nú eftir heimild til þess að lengja fundinn um 30 mín. til kl. 22:00.

Samþykkt.

Fundi var slitið kl. 21:50

Árni Leósson fundarritari